

Mál nr. 111/2025**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti vátryggingar: Slysátrygging launþega.****Heiti vátryggingartaka: (X)****Slysaflugtak vátryggingaréttar. Sönnun.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 19. mars 2025, ásamt fylgiskjöllum.
2. Athugasemdir frá V, dags. 7. apríl 2025.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 10. apríl 2025, ásamt fylgiskjöllum.

Málsatvik.

Í málskoti er málsatvikum lýst svo að 31. maí 2023 hafi M sem bifvélavirki hjá X verið að vinna við viðgerð á rútú. Hafi hann þurft að vinna boginn við það verk. Þegar hann hafi reynt að komast undan rútunni hafi hann misst jafnvægið á hálu gólfi með þeim afleiðingum að hann hafi rekið mjóbakið skyndilega upp undir stuðara rútunnar. Síðan er byggt á því í málskotinu að tungumálaerfiðleikar hafi leitt til þess að vafi léki á um málsatvik. Hafi það haft áhrif á það hvað skráð er um málsatvik í fyrirliggjandi gögnum, m.a. þeim sem stafa frá heilbrigðisstarfsmönnum. Þannig sé fyrst skráð í þeim gögnum að um hafi verið að ræða óvinnufærni af völdum sjúkdóms en ekki vinnuslyss. Það hafi hins vegar verið leiðrétt 4. október 2023. Byggir M því á að gögn málsins staðfesti að hann hafi orðið fyrir líkamstjóni af völdum vinnuslyss 31. maí 2023. Í því sambandi bendir M einnig á að Sjúkrátryggingar hafi fallist á að M hafi orðið fyrir vinnuslysi.

Í athugasemdum V til nefndarinnar, dags. 7. apríl 2025, eru færð rök fyrir því að M hafi ekki tekist að sanna að hann hafi orðið fyrir vinnuslysi í umrætt sinn. Í því sambandi vísar V til þess að ekkert í gögnum málsins staðfesti að M hafi orðið fyrir vinnuslysi heldur sé þar einungis að finna upplýsingar um að M hafi orðið fyrir álagsmeiðslum á bak og öxl sem hafi komið skyndilega en að því virðist án áverka. V telur því að M hafi ekki sýnt fram á að tjón hans verið rakið til utanaðkomandi atburðar í skilningi slysátryggingar launþega, heldur hafi verið um innri veikleika að ræða. Bendir V einnig á að X kannist ekki við að M hafi lent í umræddu vinnuslysi. Að lokum tekur V fram að það að Sjúkrátryggingar hafi fallist á bótarétt M úr slysátryggingum almannátrygginga breyti ekki framangreindu, enda sé þar ekki um að ræða sama slysaflugtakið og gildir um slysátryggingu launþega.

Álit.

Ágreiningur í málinu snýr að því hvort líkamstjón það sem M telur sig hafa orðið fyrir við störf sín 31. maí 2023 teljist vera af völdum slyss í skilningu slysátryggingar launþega hjá V. Í þeim skilmálum sem giltu um trygginguna er hugtakið slys þannig skilgreint: „Með hugtakinu slys er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem vátryggður er og gerist án vilja hans.“ Það er M að sanna að skilyrði slysaflugtaksins séu uppfyllt.

Í gögnum málsins kemur m.a. eftirfarandi fram um hið meinta slys. Ekki verður séð að það liggi fyrir sönnun þess að M hafi tilkynnt X um atburðinn fyrr en 6. júní 2023. Þann dag sendi M tölvupóst til X þar sem hann greindi frá því að hann hafi orðið fyrir slysi og væri á leið til læknis. Í framhaldinu fékk X send fjögur læknisvottorð um óvinnufærni M, dags. 6., 12., 19. og 26. júní 2023. Í öllum þeim vottorðum kom fram að M hafið verið óvinnufær af völdum sjúkdóms. Sömu sögu er að segja í fyrirliggjandi læknisvottorði, dags. 26. júní 2023. Þá liggja m.a. einnig fyrir kununótur frá læknavakt, dags. 6., 12., og 19. júní. Í kununótu, dags. 6. júní, segir m.a. undir liðnum Saga-skoðun: „Bjöguð enska. Bakverkir í tengslum við bogur og beygjur í vinnu, ekki treyst sér í vinnu í dag og í gær.“ Í kununótu, dags. 12. júní, segir m.a. undir liðnum Saga-skoðun: „Var hér fyrir viku vegna bakverks.“ Í kununótu, dags. 19. júní, segir m.a. undir liðnum Saga-skoðun: „Verkur í hálshrygg með leiðni í vi. handlegg. Einnig verkur í mjóbaki með leiðni í vi. læri. SL 3 vikur. Vinnur erfiðisvinnu og versnar við vinnu.“ Í sjúkraskrá er eftirfarandi skráð 26. júní 2023: „Bjöguð samskipti vegna samskiptaörðuleika. Erfið enska, rætt við vin hans símaleiðis sem tanslator. Þann 06.06.2023 lendir [M] í áverka við vinnu en hann starfar sem bifvélavirki. Leitað endurtekið á Læknavaktina vegna verkja sem byrja skyndilega í baki og vinstri öxl.“

Í fyrirbyggjandi læknisvottorðum, dags. 11. júlí, 1. ágúst, 4. október 2023, er hins vegar merkt við að M hafi lent í vinnuslysi 31. maí 2023. Þá er í vottorðinu 4. október sérstaklega tekið fram að M hafi verið óvinnufær af völdum þess vinnuslys. Ekkert kemur hins vegar fram í þessum gögnum hver séu rökkin fyrir þeirri breytingu. Í vottorði frá heilsugæslulækni, dags. 13. mars 2024, eru tungumálaerfiðleikar nefndir undir liðnum sjúkrasaga. Er tekið fram að ekki sé ljóst við lestur sjúkraskrár hvort um ákveðið slys sé að ræða.

Nefndin hefur komist að þeirri niðurstöðu, með vísan til framangreindra upplýsinga í frumgögnum málsins, að M hafi ekki tekist að sanna að hann hafi orðið fyrir vinnuslysi 31. maí 2025. Telur nefndin ekki að tungumálaerfiðleikar M geti breytt þeirri niðurstöðu.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega hjá V.

Reykjavík, 12. maí 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir